

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. nóvember 2018
UST201811-017/B.S.
04.04

Frumvarp til laga um landgræðslu, 232. Mál. Umsögn

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþings, dags. 2. nóvember 2018, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um landgræðslu, 232. mál.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í 3. gr. er fjallað um markmið um endurheimt og uppbyggingu vistkerfa. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi skýran greinarmun á endurheimt og uppgræðslu, þ.e. ræktun gróðurlendir oftast graslendi sem á sér ekki endilega forsendur á því svæði þar sem uppgræðslan fer fram. Til að um raunverulega endurheimt sé að ræða verður að liggja fyrir skilgreining á því vistkefi sem fyrir er sem gæti byggt á sk. Vistgerðagreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun telur með öðrum oðum að gera þurfi skýran greinamun á endurheimt og endurgerð vistkefa þar sem í endurgerð felst að ræktuð verða ný vistkefi með öðrum tegundum í stað þeirra sem fyrir eru á viðkomandi svæðum.

Umhverfisstofnun telur að skilgreina ætti áhrif landgræðslu á landslag sérstaklega þar sem sandar eru teknir til uppgræðslu þar sem sandur er áberandi landslagsþáttur og hefur hvorki óþægingi né skaða í för með sér.

Í 10. gr. er kveðið á að Landgræðslan meti nýtingu og ástand lands. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi greinarmun á endurheimt vistkerfa og styrkingu beitolands, þar sem endurheimt vistkerfa getur falið í sér endurheimt gróðurfars sem hentar ekki endilega til sauðfjábeitar.

Í 13. gr. er kveðið á um framkvæmdir sem hafa áhrif á gróður og jarðveg. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við orðalag greinarinnar þar sem framsetning sé of almenn og rými til túlkunnar of mikið fyrir framkvæmdaaðila og sveitastjórnir.

Umhverfisstofnun bendir á að útgáfa framkvæmdaleyfis innan friðlýst svæðis eða svæðis á B-hluta náttúruminjaskrár er ávallt háð leyfi eða umsögn Umhverfisstofnunar.

Í VI. kafla er kveðið á um varnir gegn landbroti. Umhverfisstofnun vill benda á að orsakir landbrots geta í sumum tilfellum verið vegna efnistöku eða annarra aðgerða í virkum farvegi. Umhverfisstofnun telur að reyna ætti að skoða orsakir landbrots þannig að unnt sé að koma í veg fyrir slíkt í stað þess að bregðast einungis við í hverju tilfelli fyrir sig. Umhverfisstofnun telur að þar sem sérþekking er fyrir hendi hjá Vegagerðinni varðandi hegðun straumvatna, rofvarnir, öflun rofvarnagrjóts og verklegar framkvæmdir, ættu varnir gegn landbroti mögulega frekar heima hjá þeirri stofnun.

Í 20. gr. er kveðið á um að landgræðslusvæði skulu hafa að leiðarljósi m.a. vernd, endurheimt vistkerfa og sem vettvangur rannsókna. Umhverfisstofnun telur að öll aukning á stuðningi við rannsóknir innan- og við jaðar uppgræðslusvæða sé svæðunum til framdráttar. Umhverfisstofnun bendir á að innan náttúruverndarsvæða fer Umhverfisstofnun með umsýsn. Athuga þarf að virk landgræðslu svæði verði aðeins starfrækt með leyfi Umhverfisstofnunar innan friðlýstra svæða eða umsögn stofnunarinnar innan svæða á B-hluta náttúruminjaskrár.

Í 23. gr. er kveðið á um gjaldtökuheimild Landgræðslunnar til að standa straum af kostnaði vegna uppbygginga, viðhalds og reksturs þjónustu sem veitt er innan þeirra svæða sem Landgræðslan hefur umsýsn með. Umhverfisstofnun tekur undir rökstuðning greinarinnar varðandi nauðsyn þess að heimilt verði að innheimta þjónustugjöld til að standa undir þeim kostnaði sem þjónustu á þessum svæðum hefur í för með sér.

Í 92. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 getur Umhverfisstofnun eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu. Umhverfisstofnun leggur fyrir ráðherra til staðfestingar skrá yfir gjöld sem stofnunin hyggst innheimta næsta ár á eftir. Umhverfisstofnun bendir á að innan friðlýstra svæða er einungis heimilt að taka þjónustugjöld með sérstökum samning við stofnunina.


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri